

Nd.

39. Frumvarp til laga

[36. mál]

um sveitarstjórnarkosningar.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Lög um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, skulu gilda um kosningar til sveitarstjórna og sýslunefnda, eftir því, sem við á, með þeim frávikum, sem lög þessi ákveða.

Við sveitarstjórnarkosningar gildir eigi 3. tl. 1. gr. laga nr. 52/1959, sbr. 2. tl. 15. gr. sömu laga.

2. gr.

Í hverju sveitarfélagi, sem skipt er í kjördeildir, skal vera yfirkjörstjórn, skipuð þrem mönnum. Sveitarstjórn kýs, að viðhöfðum hlutfallskosningum, yfirkjörstjórnir til eins árs í senn úr hópi kjósenda sveitarfélagsins og jafn marga til vara.

Þar sem sveitarfélagi er ekki skipt í kjördeildir, skal ekki kosin yfirkjörstjórn, en undirkjörstjórn annast þá störf yfirkjörstjórnar.

Kjörstjórnir kjósa sér oddvita úr sínum hópi og skipta með sér störfum.

3. gr.

Við kosningar í hreppum mega framþjóðendur eiga sæti í kjörstjórn, ef það sætir ekki ágreiningi í hreppsnefndinni.

4. gr.

Nú ber nauðsyn til, að sveitarstjórnarkosningar, aðrar en almennar sveitarstjórnarkosningar, fari fram með svo stuttum fyrirvara, að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja frammi eða veita þá fresti og fyrirvara, sem annars er ráð gert fyrir, og má þá sveitarstjórn stytta þetta allt hlutfallslega, enda auglýsi hún það nákvæmlega, jafnframt því sem kosningin er auglýst.

5. gr.

Meðmælendur framboðs mega í Reykjavík ekki vera færri en 100 og ekki fleiri en 200, í öðrum kaupstöðum ekki færri en 20 og ekki fleiri en 40 og í hreppum ekki færri en 10 og ekki fleiri en 20.

Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörgengi. Úrskurði hennar má áfrýja til sveitarstjórnar. Úrskurði sveitarstjórnar má áfrýja á sama hátt sem fyrir er mælt í 15. gr., ef úrskurður fellur um, að fulltrúaefni hafi misst kjörgengi.

6. gr.

Sveitarstjórnir láta kjörstjórnnum í té gerðabækur, sem skulu vera gegnumdregnar og löggiltar af sýslumönnum eða bæjarfógetum (í Reykjavík borgarfógeta).

7. gr.

Yfirkjörstjórn lætur gera kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi.

Efst á seðlinum skal standa sem fyrirsögn: Kjörseðill við bæjarstjórnar (hreppsnefndar) kosningar í kaupstað (hreppi) með dagsetningu og ártali.

Ef um óhlutbundnar kosningar er að ræða, skal kjörseðill vera hæfilega stór og úr haldgóðum pappir, sem skrift sést ekki í gegnum.

8. gr.

Ef framboðslistar eru ekki bornir fram af stjórn mála flokkum, merkir yfirkjörstjórn þá í stafrófsröð, eftir því sem þeir hafa borizt henni, eða eftir samkomulagi við umboðsmenn, með bókstöfum næst á eftir bókstöfum stjórn mála flokkanna.

9. gr.

Pegar yfirkjörstjórn hefur úrskurðað framboðin, gerir hún þau kunn almenn- ingi með auglýsingu, sem birt er á sama hátt sem á hverjum stað er títt að birta opinberar auglýsingar.

Greina skal í auglýsingu bókstaf framboðslista og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í rétri röð.

10. gr.

Atkvæðakassa, tilheyrandi poka og innsigli, sem notuð eru við kosningar til Alþingis, er heimilt að nota við sveitarstjórnarkosningar.

11. gr.

Atkvæðagreiðsla við óhlutbundnar kosningar fer fram með þeim hætti, að kjósandinn gengur inn í kjörklefann og skrifar á kjörseðilinn fullt nafn og heimilisfang þeirra manna, sem hann vill kjósa.

Brýtur kjósandi síðan seðilinn saman, þannig, að það sem á hann var ritað, veit inn, og stingur honum niður í atkvæðakassann.

12. gr.

Pegar kosning er óhlutbundin, fer talning atkvæða fram með þeim hætti, að formaður kjörstjórnar les upp nöfnin, sem á kjörseðlinum standa og réttir hann svo meðkjörstjórum til athugunar, en þeir skrá atkvæðin jafnóðum. Þeir, sem flest atkvæði fá, eru rétt kjörnir. Hafi tveir eða fleiri hlotið jafn mörg atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri, ræður hlutkesti.

Pegar úrslit eru kunn um kosningu aðalmanna, byrjar kosning varamanna, og fer um hana á sama hátt.

13. gr.

Nú eru framboð viðhöfð í kosningu sýslunefndarmanna og skal þá kjörseðill þannig gerður, að prenta skal nöfn frambjóðenda og heimilisföng í stafrófsröð, hvert niður af öðru á kjörseðilinn.

Kosning fer fram með þeim hætti, að kjósandinn setur kross með ritblýi framan við nafn þess frambjóðanda, er hann vill kjósa.

14. gr.

Sveitarstjórnarkosningar má kæra skriflega fyrir sveitarstjórn, og skal kæra komin í hendur sveitarstjórnar innan 14 daga frá því, er lýst var úrslitum kosningar. Skal leita umsagnar kjörstjórnar um kærur, og skal láta uppi álit sitt innan viku frá því að hún fékk kærana og sveitarstjórn kveða upp úrskurð sinn innan viku þar frá.

Úrskurði sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðuneytisins, og skal tilkynning um áfrýjunina komin til ráðuneytisins innan viku og skjöl þau, er áfrýjuninni kunna að fylgja, sett í póst innan sama tíma.

Kosningu sýslunefndarmanna má kæra innan 14 daga, og sker sýslunefnd úr.

15. gr.

Sveitarstjórn úrskurðar, hvort sveitarstjórnarmaður hafi misst kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn. Sýslunefnd úrskurðar þessi atriði, ef sýslunefndarmaður á í hlut. Skjóta má úrskurði sveitarstjórnar og sýslunefndar til félagsmálaráðuneytisins.

Skjóta má úrskurði ráðuneytisins, samkvæmt grein þessari, til dómstólanna.

16. gr.

Kostnaður við sveitarstjórnarkosningar og kosningu sýslunefndarmanna greiðist úr sveitarsjóði.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1962. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er ekki um að ræða mikilvægar efnisbreytingar frá gildandi ákvæðum. Í núgildandi lögum um sveitarstjórnarkosningar, nr. 81 frá 1936, eru ýmis ákvæði, sem ekki varða kosningar beinlínis, en fjalla hins vegar um skipulag sveitarstjórnanna. Þessi ákvæði falla nú úr gildi 1. janúar 1962 við gildistöku hinna nýju sveitarstjórnarlaga, en öll ákvæði um stjórn og skipulag sveitarstjórna voru tekin upp í þau lög. Um leið og þessi breyting verður, þykir rétt að endursemjja lögin um sveitarstjórnarkosningar.

Við þessa endursamningu laganna koma tvær leiðir til álitá. Það mætti semja heildarlög um sveitarstjórnarkosningar, sem geymdu öll þau ákvæði, sem nota þarf við kosningarnar. Í öllum verulegum atriðum eru kosningar til Alþingis og kosningar til sveitarstjórna alveg eins. Slík sérlög fyrir sveitarstjórnarkosningar yrðu því að mestu leyti endurprentun laganna um kosningar til Alþingis. Frávikin, sem nauðsynleg væru, eru hvorki mörg né fyrirferðarmikil og mundu sennilega verða torfundin fyrir suma þá, sem framkvæma ættu kosningalögin. Hin leiðin, sem til álitá kemur, er sú, að ákveða að lögin um kosningar til Alþingis skuli gilda um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við á, og setja jafnframt ákvæði um þau atriði, sem annað hvort eiga ekki við um sveitarstjórnarkosningar eða vantar vegna sérstöðu sveitarstjórnarkosninganna. Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er síðari leiðin valin.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og áður er að vikið, er svo fyrir mælt í grein þessari, að lögin um Alþingiskosningar skuli gilda um sveitarstjórnarkosningar eftir því sem við á með þeim frávikum, sem nánar greinir í frumvarpinu.

Skilyrði um 5 ára búsetu í landinu, sbr. 3. tl. 1. gr. laga nr. 52/1959, hefur ekki gilt um sveitarstjórnarkosningar, sjá 6. gr. sveitarstjórnarkosningalaga nr. 81/1936. Þykir ekki ástæða til að breyta þeirri reglu.

Um 2. gr.

Grein þessi er að mestu leyti efnislega samhljóða 10. og 24. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar, sbr. og 10. gr. laga nr. 52/1959. Ákvæði IV. kafla þeirra laga um landskjörstjórn og að nokkru ákvæðin um yfirkjörstjórn eiga ekki við um sveitarstjórnarkosningar.

Um 3. gr.

Ákvæði samhljóða gildandi lögum, sjá lög nr. 84/1938.

Um 4. gr.

Ákvæði þetta svarar til ákvæðis 1. mgr. 23. gr. laga nr. 52/1959, er hér er gert ráð fyrir því, að sveitarstjórn geti stýtt frestina. Hliðstætt ákvæði er í núgildandi lögum, sjá 15. gr. laga nr. 81/1936.

Um 5. gr.

Gildandi ákvæði um meðmælendur eru í 18. gr. laga nr. 81/1936 og eru ákvæði þessarar greinar, 1. mgr., samhljóða þeim ákvæðum.

Ákvæði 2. mgr. eru og samhljóða ákvæðum í 18. gr. laga nr. 81/1936.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Sjá 20. gr. laga nr. 81/1936 og 35. gr. laga nr. 52/1959.

Um 7. gr.

Sjá lög nr. 81/1936, 23. gr. 1. mgr. og 2. mgr. i. f. svo og 3. mgr.

Um 8. gr.

Sjá lög nr. 81/1936, 22. gr. 1. mgr., sbr. 40.—41. gr. laga nr. 52/1959.

Um 9. gr.

Sjá lög nr. 81/1936, 22. gr. 2. mgr., sbr. 42. gr. laga nr. 52/1959.

Um 10. gr.

Sjá lög nr. 81/1936, 23. gr. 6. mgr. sbr. 60. gr. laga nr. 52/1959.

Um 11. gr.

Ákvæðin óbreytt frá því sem verið hefur, sjá 26. gr. laga nr. 81/1936.

Um 12. gr.

Ákvæðin eru samhljóða 2. og 3. mgr. 27. gr. laga nr. 81/1936, sbr. og 113. gr. laga nr. 52/1959, ef atkvæði verða jöfn.

Um 13. gr.

Lagt er til, að kjörseðill og kosning við kjör sýslunefndarmanna, þegar um framboð er að ræða til sýslunefnda, verði með sama hætti og það var við kjör alþingismanna í einmenningskjördæmum.

Um 14. gr.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru hliðstæð ákvæðum 29. gr. laga nr. 81/1936. Hér er þó lagt til, að frestur sá, sem kjörstjórn er veittur til þess að gefa umsögn um kæru, verði hinn sami í hreppum og kaupstöðum, ein vika, en frestur þessi er nú vika í kaupstöðum og 14 dagar í hreppum.

Þá er gert ráð fyrir því, að úrskurði sveitarstjórnar í hreppunum eins og í kaupstöðunum megi áfrýja til ráðuneytisins, en samkvæmt núgildandi lögum má áfrýja úrskurði hreppsnefndar til oddvita sýslunefndar. Loks er breyting á áfrýjunarfresti í sambandi við úrskurð hreppsnefndar. Lagt er til að fresturinn verði vika í stað 14 daga, eða hinn sami og verið hefur vegna úrskurða bæjarstjórna.

Ákvæði 3. mgr. eru samhljóða ákvæði laga nr. 81/1936, 34. gr. i. f.

Um 15. gr.

Þessi grein er hliðstæð 37. gr. laga nr. 81/1936, en nokkuð breytt. Í greininni er lagt til, að úrskurði hreppsnefndar megi skjóta til ráðuneytisins eins og úrskurði bæjarstjórna. En samkvæmt núgildandi lögum má áfrýja úrskurði hreppsnefnda til sýslunefndaroddvita.

Um 16. gr.

Efnislega eins og 38. gr. laga nr. 81/1936.

Um 17. gr.

Hér verður gerð grein fyrir þeim ákvæðum laga nr. 81/1936, um sveitarstjórnarkosningar, sem ekki verða numin úr gildi með sveitarstjórnarlögunum, nr. 58 frá 1961 og ekki hefur verið gerð grein fyrir áður í athugasemdum þessum.

Ákvæði 9. gr. um kjördeildir eru óþörf, sjá 6. gr. laga nr. 52/1959.

Í V. kafla, 11.—14. gr. eru ákvæði um kjörskrárnar. Yfirleitt segir svo í greinum þessum, að um þessi efni skuli fara samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis, og eru þau því óþörf, sbr. 1. gr. frv. Um þessi efni gilda að sjálfsögðu ákvæði V. kafla laga nr. 52/1959 eftir því sem við á.

Ákvæði 16. gr. um gildi kjörskráa er alveg hliðstætt ákvæði 25. gr. laga nr. 52/1959.

Ákvæðin í 18. gr. um framboð eru yfirleitt sömu ákvæðin og gilda samkvæmt VI. kafla laga nr. 52/1959. Um meðmælendafjölda er áður rætt, sjá 5. gr. Samkvæmt núgildandi lögum er framboðsfrestur til sveitarstjórna 21 dagur, en framboðsfrestur til Alþingis er 4 vikur og 3 dagar. Eigi virðist ástæða til þess að önnur regla gildi um sveitarstjórnarkosningar.

Í 19. gr. eru ákvæði um umboðsmenn, sem eru hin sömu og í 33. gr. laga nr. 52/1959.

Um úrskurðun framboðslista eru ákvæði í 21. gr., sem eru ekki frábrugðin ákvæðum laga nr. 52/1959, sbr. t. d. 38. gr.

Sama er að segja um gerð kjörseðla o. fl., en um þetta efni fjallar 23. gr. laganna, sbr. þó ákvæði 7. gr. þessa frv.

Um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, sbr. 25. gr. fer að öllu leyti eftir lögum um kosningar til Alþingis nr. 52/1959, 44. gr.—48. gr.

Ákvæði um kjörstaði og útbúnað þeirra og atkvæðagreiðslu eru hin sömu í báðum tilvikum, sjá 26. gr. laganna, sbr. 59. gr. laga nr. 52/1959 o. fl. ákvæði.

Sama máli gegnir um kosningaúrslit, sbr. 27. gr., óleyfilegan kosningaráróður og kosningaspjöll, sbr. 28. gr. og refsíákvæði, sbr. 39. gr.